



Reykjavík 13. ágúst, 2018

Umsögn um erindi Hallsteins Sigurðssonar varðandi flutning útilistaverka af Álfsnesi og gjöf listamannsins á sömu verkum til Reykjavíkurborgar.

Vísað er til bréfs Hallsteins Sigurðssonar dagsett 12. mars – R18030101. Erindið er nokkuð samhljóða erindi listamannsins frá 31. maí 2015 –R15060181. Fyrir liggur umsögn undirritaðara um það erindi dagsett 20. nóvember 2015.

Árið 2013 tók Reykjavíkurborg við veglegri gjöf listamannsins á 16 listaverkum sem staðsett eru í Grafarvogi á svæði sem nefnt er og sérstaklega merkt Hallsteinsgarður. Verkin eru í umsjón Listasafns Reykjavíkur og eru á meðal þeirra verka sem safnið hefur reglulegt eftirlit með og annast viðhald á.

Verk þau sem hér um ræðir eru nokkuð ólík þeim verkum sem nú þegar tilheyra Reykjavíkurborg og eru hluti af Hallsteinsgarði. Það væri því fengur fyrir svæðið og veitt skýrari mynd af ferli listamannsins að taka við verkunum. Til að af því megi verða þarf að fjármagna gerð stöpla undir verkin og huga að því að viðhald þeirra sé ásættanlegt til framtíðar. Hægt er að taka við tveimur til þremur listaverkum og verði þeim fundinn staður í Hallsteinsgarði.

Virðingarfyllst,

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur